

Afbrotatíðindi Ríkislögreglustjóra




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Ágúst 2011 // BRÁÐABIRGÐATÖLUR

Afbrotatölfræði 2010

Í haust verður gefin út afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra fyrir árið 2010. Þar kemur m.a. fram að heildarfjöldi brota er færri en árið 2009. Á mynd 1 má sjá fjölda hegningar-, umferðar- og sérrefsilagabrota árin 2007 til 2010. Á árinu 2010 voru hegningarlagabrot 14.911 en 15.966 árið á undan. Þessi fækkun milli ára má m.a. rekja til fækkun auðgunarbrot, einkum þjófnaða og innbrota. Þróun umferðarlagabrota sýnir að þeim hefur farið fækkandi en þau voru 59.769 árið 2007 en 54.637 árið 2010. Sérrefsilagabrotum fjölgaði eða úr 3.464 árið 2009 í 3.977 árið 2010.




Mynd 1. Þróun hegningar-, umferðar- og sérrefsilagabrota árin 2007 til 2010.

Þróun það sem af er ári

Mynd 2 sýnir fjölda hegningarlagabrota árin 2009, 2010 og það sem af er 2011. Skráð hegningarlagabrot í ágúst á þessu ári voru 1.055 sem er 8% færri brot en skráð voru í júlí. Samanburður á fjölda brota í ágúst 2011 við sama tímabil árið 2010 sýnir að þeim hefur fækkað um 22%. Alls voru 8.164 hegningarlagabrot skráð fyrstu átta mánuði ársins. Smá sveifla er í þróun hegningarlagabrota milli mánaða en að meðaltali hafa þau verið um 34 brot á dag það sem af er ári.

Milli árána 2010 og 2011 hefur orðið fækkun í öllum helstu brotaflokkum, að undanskildum fíkniefnabrotum en þeim fjölgaði um 19%. Samanburður miðast við sama tímabil, þ.e. frá janúar til ágúst. Mest fækkaði innbrotum eða um 40%. Hraðakstursbrotum fækkaði um 28% milli árána 2010 og 2011 en 58% þeirra voru skráð með stafrænum hraðamyndavélum árið 2010 en 50% á þessu ári. Minnst fækkaði brotum er falla undir ölvun við akstur eða um 5%. Samanburður milli árána 2009 og 2011 sýnir líka hlutfallslega fækkun í öllum brotaflokkum að undanskildum fíkniefnabrotum en þeim fjölgaði um 35%.



Mynd 2. Fjöldi hegningarlagabrota 2009, 2010 og það sem af er ári 2011 greint eftir mánuðum.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í janúar- ágúst 2009, 2010 og 2011.

	Jan.-ágúst'09	Jan.-ágúst '10	Jan.-ágúst '11
Hraðakstursbrot	28.448	29.610	21.374
Þjófnaðarbrot	3.555	3.410	2.708
Eignaspjöll	2.146	2.013	1.681
Innbrot	2.481	1.959	1.179
Ölvun við akstur	1.019	886	839
Fíkniefnabrot	897	1.020	1.212
Líkamsárás (217.-218. gr.)	753	759	703